

Dags. fundar: 26. september 2012	Tími: 17.15	Nr. fundar: 26
Fundarboðari: Ákveðið á síðasta fundi	Fundarritari: Björn Valdimarsson	Staður: Laugardalslaug. Efri hæð

Efni fundar:

1. Dómaranámskeið haust 2012.
2. Dómarspjall með félögunum.
3. EM 25 2012.
4. Dómardagur SSÍ
5. Mönun á öll alþjóðamót innanlands.
6. Önnur mál
 - a. Viðbrögð við slysum/óhöppum á sundmótum.
 - b. Markmiðasetning og félagsþáttur.

Viðstaddir: Björn Valdimarsson, Ólafur Baldursson, Gunnlaugur Þráinsdóttir, Steinunn R. Einarsdóttir

Forföll boðuð. Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir, Svanhvít G Jóhannsdóttir, Ragnhildur Guðjónsdóttir

Dagskrá:

1. Dómaranámskeið haust 2012 er ekki komið á dagskrá. Samkvæmt síðustu fundargerð hafði Svanhvít tekið þetta námskeið að sér. Setja auglýsingu í gang ekki seinna en þriðjudaginn 25.september og láta SSÍ senda út. Námskeið sett á í viku 40 og verkleg kennsla á Týr móti Ægis.
2. Dómaraspjall með félögunum. Ólafur Baldursson er búinn að vera með eitt á Akureyri með Óðni og fer á eftir tvo daga til ÍRB og verður með spjall. Björn mun ræða við Fjölínir um að koma á dómarspjalli og Ólafur ætlar að ræða við KR og Ármann. Hafa samband við Þórunni hjá Ægir um samskonar spjall.
3. Svanhvít og Haraldur eru að fara á EM 25 í nóvember 2012.
4. Rætt um dómardag hjá SSÍ. Hvernig getum við umbunað dómurum? Gæti verið í ÍSÍ sal í Laugardal og með léttum hádegisverði eða kaffi.
5. Gunnlaugur byrjar að óska eftir dómurum á alþjóðamót innanlands frá hausti 2012 fram á vor 2013.
6.
 - a. Steinunn spurði hvort til væri áhættugreining fyrir sundmót. Hvernig er brugðist við slysum/óhöppum á mótum? Ólafur bendir á að meginreglan væri að lækni eða hjúkrunarfræðingur væri á SSÍ mótum. Björn bendir á að starfsmaður sundlaugarinnar sem situr við innganginn væri sá sem væri til taks ef eitthvað færi úrskaiðis og á nokkrum stöðum á laugarsvæðinu væri Alert búnaður sem sundlaugastarftsmenn ræsa og þá fer tiltekið ferli í gang hjá starfsmönnum laugarinnar. Áhættumat verði skoðað á erlendum sundsíðum upplýsingar til dómara eigi að skýra betur.
 - b. Steinunn ræddi heimasíðu KSÍ og hversu góð fyrirmynd hún gæti verið fyrir SSÍ síðuna ef það á að taka SSÍ síðuna í gegn. DMT-nefnd þarf að fara yfir markmið fyrir sunddómara. Félagsþátt sunddómara þarf að skoða til að halda dómurum lengur sem getur leitt til þess að sundmenn hætt síður.

Verkefni ákveðin á fundinum:

<i>Verkefni</i>	<i>Ábyrgur</i>	<i>Ljúkist fyrir:</i>
Undirbúningur vegna dómarspjalls	ÓB/BV	Sem fyrst.
Undirbúningur vegna FINA móta innanlands	GÞ	Í október

Fundi slitið kl: 18.25 Næsti fundur: 29.október 2012.